



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2020
Tilvísun: 202002-0106/00.03

Umsögn Þjóðminjavarðar og Þjóðminjasafns Íslands um

Tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta.

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 306 – 277. mál.

Þjóðminjasafn Íslands fagnar *tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.

Samkvæmt tillögunni er starfshópi ætlað að „gera úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og gera tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri ...“

Í þessu sambandi skal bent á að í janúar 2020 kom út afar vönduð og ítarleg skýrsla Sambands íslenskra sjóminjasafna. Hún er 826 blaðsíðna skrá um 190 fornþáta á Íslandi ásamt leiðarvísni við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornþátaskráin miðast við þáta í eigu safna, setra og sýninga og nær jafnframt til skipa á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk 190 þáta í fornþátaskránni er kunnugt um nokkurn fjölda eldri þáta sem mikill fengur væri í að afla greinargóðra upplýsinga um og bæta við hana. Lagt er til að starfshópur sem settur yrði á laggirnar samkvæmt þingsályktunartillögunni léti gera slíka samantekt um þá gömlu þáta sem eru í eigu einkaaðila, félaga og hópa.

Fornþátaskráin er grundvöllur til frekari nauðsynlegrar flokkunar, sem væri mikill hægðarauki, og forsenda til faglegrar áætlunargerðar og mats sem gæfi fyllsta yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélþáta, vélþáta og skip með þilfari auk lista yfir þáta eftir smíðaefni (tré, járn) og fleiri skrár. Nauðsynlegt er að afla samþykkis höfunda fornþátaskrárinnar og Sambands íslenskra sjóminjasafna og helst einnig að verkefnið verði



unnið í samvinnu við þessa aðila.

Gríðarlega vinna liggur að baki fornátaskránni og mælt er með að henni verði fram haldið með því að ráða tímabundið starfsmann í þau tvö verkefni sem framan eru greind. Að þeim loknum væri samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta komin að því marki sem hægt er. Samantektinni lýkur hins vegar aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Annað hlutverk sem hópnum er ætlað er að „endurskoða aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012“. Í dag eru skip og bátar sem smíðaðir eru fyrir 1950 friðaðir á grundvelli aldurs auk þess sem heimilt er að beita ákvæðum um friðlýsingu og skyndifriðun óháð aldri (3., 18., 19. og 20. gr.).

Ráðlegt væri að fara varlega í að breyta þessum mörkum, t.d. með því að miða við aldur en ekki ártal, svo sem að allir bátar sem eru 50 ára eða eldri séu friðaðir. Þannig breyting kann að valda ýmsum vandkvæðum. Fjöldi báta yrði fljótt of mikill og því ráðlegra að þeir fari í gegnum varðveislumat þar til bærra aðila.

Í nágrennalöndunum er farið mjög varlega í að friða báta og e.t.v. þarf að skoða þessi mál í heild sinni hér heima. Ennfremur er vakin athygli á að nánari útfærslu á lögum um menningarminjar vantar hvað snertir skip og báta. Í ljósi reynslunnar væri heppilegt að setja t.d. reglugerð um þetta.

Loks er fyrirhuguðum starfshópi ætlað að „gera tillögur að úrbótum“ og skal í því sambandi vísað til minnisblaðs frá árinu 2002, sbr. greinargerð við þingskjal 306. Í minnisblaðinu voru lagðar fram ýmsar tillögur og eru flestar þeirra enn í fullu gildi. Hugsanlega má vinna þær áfram og þróa enn frekar.

Virðingarfyllt,

Með kveðju / Kind regards
Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður / Director General

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
NATIONAL MUSEUM OF ICELAND

Suðurgata 41, 102 Reykjavík